

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3577/92**frá 7. desember 1992****um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af breyttri tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Evrópuþingið samþykkti, 12. júní 1992, ályktun um afnám hafta í strandsiglingum og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þess.

Samkvæmt 61. gr. sáttmálans á frjáls þjónustustarfsemi á sviði flutninga á sjó að lúta ákvæðum þess bálks sem fjallar um flutninga.

Við stofnun hins innri markaðar er nauðsynlegt að afnema höft á þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna; innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Því ber að beita meginreglunni um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna.

Reglan gildir fyrir skipaeigendur innan bandalagsins sem gera út skip sem eru skráð í aðildarríki og sigla undir fána þess, hvort sem það liggur að sjó eða ekki.

Þessi regla verður látin ná til skipa sem eru einnig skráð í skipaskrá bandalagsins (EUROS) þegar sú skrá hefur verið viðurkennd.

Til að komast hjá röskun á samkeppni skulu eigendur skipa innan bandalagsins, sem hafa heimild til gestasiglinga, uppfylla öll nauðsynleg skilyrði fyrir því að starfrækja gestasiglingar í aðildarríkinu þar sem skip þeirra eru skráð. Þessi reglugerð skal þó, í tiltekinn aðlögunartíma, ná yfir eigendur skipa innan bandalagsins sem gera út skip sem eru skráð í aðildarríki, en hafa ekki heimild til að starfrækja gestasiglingar í því ríki.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 73, 19. 3. 1991, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 295, 26. 11. 1990, bls. 687, og álit sem var skilað 20. nóvember 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*)

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 56, 7. 3. 1990, bls. 70.

Rétt er að þessar reglur komi til framkvæmda smám saman og ekki endilega á sama hátt hjá öllum þjónustuaðilum, að teknu tilliti til sérstöðu tiltekinna þjónustuaðila og umfangs þeirrar starfsemi sem tilteknar efnahagseiningar innan bandalagsins sem þróast á mismunandi hátt þurfa að standa undir.

Ástæða getur verið til að koma á fót opinberri þjónustu sem felur í sér tiltekin réttindi og skyldur fyrir viðkomandi skipaeigendur til að tryggja reglulega flutninga til, frá og á milli eyja, að því tilskildu að engin mismunun eigi sér stað á grundvelli þjóðernis eða búsetu.

Samþykkja ber ákvæði sem miða að því að gerðar verði öryggisráðstafanir er lúta að sjóflutningamörkuðum sem alvarleg truflun hefur orðið á eða neyðartilvikum. Rétt er að samþykkja tilhögun á ákvarðanatöku um þetta efni.

Til að tryggja starfsemi hins innri markaðar sem best og með tilliti til hugsanlegra breytinga í ljósi reynslunnar, skal framkvæmdastjórnin gefa skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja fram viðbótartillögur ef þess gerist þörf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Frá 1. janúar 1993 skal eigendum skipa innan bandalagsins, sem hafa skip sín skráð í aðildarríki og sigla undir fána þess, vera frjálst að stunda þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó), að því tilskildu að þessi skip fullnægi öllum skilyrðum um gestaflutninga í því ríki, að meðtöldum þeim skipum sem eru skráð í EUROS, eftir að ráðið hefur viðurkennt þá skrá.

2. Undanþága er þó veitt til að fresta tímabundið beitingu ákvæða 1. mgr., þar sem þess er krafist að skip fullnægi öllum skilyrðum til að stunda gestaflutninga í aðildarríkinu þar sem þau eru skráð á þeim tíma, eða til 31. desember 1996.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sjóflutningaþjónusta innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó)“: þjónusta sem er venjulega veitt gegn gjaldi, einkum:

- a) siglingar með ströndum meginlands: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli meginlandi eða yfirráðasvæði sama aðildarríkis án viðkomu á eyjum;
 - b) siglingar á haf út: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli hafnar í aðildarríki og mannvirkis eða byggingar á landgrunni sama aðildarríkis;
 - c) eyjasiglingar: flutningar á farþegum eða vörum á sjó:
 - milli hafna á meginlandinu og einnar eða fleiri eyja sama aðildarríkis,
 - milli hafna á eyjum sama aðildarríkis;
- Ceuta og Melilla flokkast eins og eyjahafnir.

2. „Skipaeigandi innan bandalagsins“:

- a) ríkisborgarar í aðildarríkjum, sem hafa staðfestu í aðildarríki í samræmi við lög þess og reka útgerð;
 - b) útgerðarfélag með staðfestu í samræmi við lög aðildarríkis, sem hafa aðalumsöfnun í aðildarríki og eftirlit með starfsemi fer einnig fram í aðildarríki; eða
 - c) ríkisborgarar aðildarríkis sem hafa staðfestu utan bandalagsins, eða útgerðarfyrirtæki með staðfestu utan bandalagsins undir eftirliti aðildarríkis, þegar um er að ræða skip sem eru skráð í aðildarríki og sigla undir fána þess í samræmi við lög þess.
3. „Samningur um opinbera þjónustu“: samningur milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og skipaeiganda innan bandalagsins í þeim tilgangi að veita almenningi næga flutningaþjónustu.

Í samningi um opinbera þjónustu getur einkum falist:

- flutningaþjónusta sem uppfyllir fasta staðla að því er varðar stöðugleika, magn og gæði,
 - viðbótarflutningaþjónusta,
 - flutningaþjónusta gegn ákveðnu gjaldi og með ákveðnum skilyrðum, einkum með tilliti til ákveðinna hópa farþega eða á tilteknum leiðum,
 - aðlögun þjónustunnar að raunverulegum þörfum.
4. „Skyldur um opinbera þjónustu“: skyldur sem skipaeigandi innan bandalagsins myndi ekki taka á sig eða ekki taka á sig í jafn miklum mæli eða með sömu skil-

málum ef hans eigin viðskiptahagsmunir væru látnir ráða.

5. „Alvarlegar truflanir á flutningamarkaðinum innanlands“: vandamál er varða þennan markað eingöngu og sem:

- eru líkleg til að valda miklu og hugsanlega viðvarandi framboði umfram eftirspurn,
- eru vegna gestaflutninga á sjó eða í tengslum við þá, og
- eru alvarleg ógnun við tilveru og fjárhagslegan stöðugleika verulegs fjölda skipaeigenda innan bandalagsins,

að því tilskildu að skammtíaspár og spár til meðalangs tíma fyrir þennan markað bendi ekki til umtalsverðra og varanlegra breytinga til batnaðar.

3. gr.

1. Þegar um er að ræða skip í strandsiglingum og skemmtisiglingum skulu öll mál er varða mannráðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (siglingafáni), að undanskildum skipum undir 650 brúttó tonnnum sem geta verið háð skilyrðum gistiríkis.

2. Þegar um er að ræða skip sem stunda eyjasiglingar skulu öll mál er varða mannráðningar heyra undir ríkið þar sem skipið stundar flutninga (gistiríkið).

3. Þegar um er að ræða flutningaskip yfir 650 brúttó tonnnum sem stunda eyjasiglingar skulu þó öll mál er varða mannráðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (siglingafáni) frá og með 1. janúar 1999 þegar viðkomandi ferð er farin í framhaldi af eða er undanfari ferðar til eða frá öðru ríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka vandlega efnahagsleg og félagsleg áhrif þess að gefa eyjasiglingar frjálsar og gefa ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 1. janúar 1997.

Á grundvelli þessarar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu sem getur innihaldið tilhliðranir á ákvæðunum um mannráðningar með tilliti til ríkisfangs, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., svo að ráðið geti samþykkt endanlegt fyrirkomulag með nægum fyrirvara fyrir 1. janúar 1999.

4. gr.

1. Aðildarríki getur gert samninga um opinbera þjónustu við skipafélög sem stunda reglubundna flutninga til, frá eða á milli eyja eða lagt þeim á herðar skyldur um opinbera þjónustu sem skilyrði fyrir þessum flutningum.

Þegar aðildarríki gerir samning um opinbera þjónustu eða leggur skipafélögum á herðar skyldur um opinbera þjónustu skal það gera það á jafnréttisgrundvelli gagnvart öllum skipaeigendum innan bandalagsins.

2. Skyldur sem aðildarríki leggja skipafélögum á herðar skulu takmarkast við kröfur varðandi hafnir sem siglt er til, reglubundna flutninga, stöðugleika og tíðni flutninganna, flutningsgetu, gjaldskrá og mannaráðningar.

Sé umbun veitt fyrir opinbera þjónustu skulu allir skipaeigendur innan bandalagsins eiga kost á henni.

3. Samningar sem gerðir hafa verið um opinbera þjónustu mega gilda áfram þar til samningstíminn rennur út.

5. gr.

1. Verði alvarlegar truflanir á flutningamarkaði innanlands vegna aukins frjálsræðis í gestaflutningum getur aðildarríki krafist þess að framkvæmdastjórnin geri öryggisráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og að höfðu samráði við hin aðildarríkin, taka ákvörðum um nauðsynlegar öryggisráðstafanir, innan 30 vinnudaga frá því að beiðni þar að lútandi berst frá aðildarríki. Í slíkum ráðstöfunum getur falist að viðkomandi svæði sé undanþegið gildissviði þessarar tilskipunar tímabundið, þó ekki lengur en í 12 mánuði.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu og aðildarríkjunum um allar ákvarðanir varðandi öryggisráðstafanir.

Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um málið að 30 vinnudögum liðnum hefur viðkomandi aðildarríki rétt til að beita umbeðnum ráðstöfunum þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun sína.

Í neyðartilvikum geta aðildarríkin þó samþykkt einhliða svæðisbundnar ráðstafanir sem geta gilt í þrjú mánuði mest. Aðildarríkin verða að tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um samþykkt slíkra ráðstafana. Framkvæmdastjórnin getur ógilt ráðstafanirnar eða staðfest þær með eða án breytinga þar til hún tekur lokaákvörðun í samræmi við 2. undirgrein.

2. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt öryggisráðstafanir að eigin frumkvæði, að höfðu samráði við aðildarríkin.

6. gr.

1. Eftirfarandi sjóflutningar á Miðjarðarhafinu og meðfram ströndum Spánar, Portúgals og Frakklands skulu þó tímabundið vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar:

- skemmtisiglingar, til 1. janúar 1995,
- flutningar á vörum til hernaðar (olía, olíuvörur og drykkjarvatn), til 1. janúar 1997,

— flutningar með skipum undir 650 brúttó tonnum, til 1. janúar 1998,

— reglubundnir farþega- og ferjuflutningar, til 1. janúar 1999.

2. Eyjasiglingar í Miðjarðarhafinu og siglingar til eyjaklasanna Kanaríeyja, Azoreyja og Madeira, Ceuta og Melilla, frönsku eyjanna með ströndum Atlantshafsins og þeirra hluta Frakklands sem liggja handan hafs skulu þó tímabundið vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar eða til 1. janúar 1999.

3. Með tilliti til félags- og efnahagslegs samhengis skal undanþágan sem um getur í 2. mgr. einnig ná til Grikklands fram til 1. janúar 2004 að því er varðar reglubundna farþega- og ferjuflutninga og flutninga með skipum innan við 650 brúttó tonn.

7. gr.

Ákvæði 62. gr. sáttmálans gilda um málefni sem fjallað er um í þessari reglugerð.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði sáttmálans um staðfesturétt og ákvæði þessarar tilskipunar getur einstaklingur sem starfrækir sjóflutninga, æski hann þess, haldið áfram starfsemi sinni tímabundið í aðildarríkjunum þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og gilda fyrir ríkisborgara þess lands.

9. gr.

Áður en aðildarríkin samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli til framkvæmdar þessari reglugerð skulu þau hafa samráð við framkvæmdastjórnina. Þau skulu tilkynna henni um samþykkt allra slíkra ráðstafana.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu, fyrir 1. janúar 1995 og annað hvert ár eftir það, um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja fram allar nauðsynlegar tillögur eftir því sem við á.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

J. MacGREGOR

forseti.
